

Ed.

55. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

Aftan við 2. gr. D. komi:

5. Eiðavegur frá Eyvindarárbrú að Eiðum.

Á s t æ ð u r.

Vegarkaffinn frá Eyvindarárbrú að Eiðum, sem vera mun ca. 15 km., er að mestu akfær og hefir verið lagður að miklu leyti af hlutaðeigandi sveitarsjóði og sýslusjóði, en með nokkrum styrk úr ríkissjóði. Vegurinn var upphaflega lagður vegna aðdráttá að Eiðaskóla, og er líka þeirra vegna nauðsynlegur, þótt hann komi nokkrum búendum sveitarinnar að liði. Hann liggur um strjálbygða og fámenna sveit og er gott vegarstæði, nema næst Eiðum, þar sem mishæðótt er mjög og torfæra ein, er brúa þarf.

Út frá aðalþjóðveginum, sem liggur svo sem kunnugt er þvert yfir upp-sveitir Múlasýslna áleiðis til Berufjarðar og Lónsheiðar, eru engar hliðargreinar, nema Fagradalsbraut frá Egilsstöðum til Reyðarfjarðar, með framhaldi áformuðu til Eskifjarðar, og Fjarðarheiðarvegur frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar. Vegar-spottinn frá Eyvindarárbrú að Eiðum er því óverulegur viðauki við þjóðvegi í þessum viðlendu og vegasnauðu hjeruðum.